



Greining þjónustupáttá með jafnréttismats-aðferð

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Byggingarfulltrúi

Nafn ábyrgðaraðila: Nikulás Úlfar Másson

Greiningaraðilar/teymi: Steinunn Rögnvaldsdóttir, Hreinn Ólafsson

Þjónustupáttur:

Áætlaður kostnaður v. þjónustupáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun:

Áætlaðar tekjur v. þjónustupáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun:

Kostn.st	Kostn.st(T)	Tsundl(T)	Esk. áætlun þús.kr.
U3400	Byggingarfulltrúi	Tekjur	-166.473,00
U3400	Byggingarfulltrúi	Laun og launatengd gjöld	195.732,30
U3400	Byggingarfulltrúi	Annar rekstrarkostnaður	23.806,53
U3400	Byggingarfulltrúi		53.065,82

Helstu verkefni innan þjónustupáttarins

Hlutverk byggingarfulltrúa er að veita góða þjónustu, ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi byggingarleyfi og byggingarmál til borgarbúa, borgarfulltrúa, hönnuða, byggingarverktaka og annarra sem á þurfa að halda vegna byggingarframkvæmda. Embættið er jafnframt stefnumótandi í byggingarmálum borgarinnar í samvinnu við umhverfis- og skipulagsráð.

Byggingarfulltrúi starfar samkvæmt mannvirkjalögum 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012 og sér m.a. um að samþykkja aðal- og séruppdrætti, gefur út byggingarleyfi og framkvæmir eftirlit með því að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkt gögn, uppdrætti, lög og reglugerðir. Starfsfólk embættisins sinnir ýmsum verkefnum þeim tengdum eins og móttöku og meðhöndlun kvartana og leiðbeiningum vegna kærumála, ýmsar skráningar, upplýsingagjöf, umsagnir, útreikningur gjalda og eftirlit með innheimtu þeirra o.fl. Gjaldskrá fyrir þjónustu embættisins er samþykkt af borgarstjórn¹.

¹ <http://reykjavik.is/gjaldskrar/byggingarleyfisgjöld>



Áhrif þjónustubáttarins á fólk eftir kyni og áhrifin á jaðarsetta hópa

Að jafnaði starfa 19 manns hjá embætti Byggingarfulltrúa, af þeim eru 7 konur eða 37% starfsmanna. Til eru gögn um umsækjendur og hönnuði sem nýta þjónustu byggingarfulltrúa en gagnagrunnurinn sem hýsir þær upplýsingar hefur ekki möguleika til að kalla fram kyngreind gögn eða gögn eftir öðrum lýðfræðilegum breytum. Öllum gögnum vegna umsókna þarf að skila á íslensku, en eðli þjónustunnar samkvæmt þá hefur það ekki verið reynsla starfsfólks að það valdi fólkum einum sérstökum vanda. Þjónusta er veitt skv. gjaldskrá.

Eitt af lykilatriðum í þjónustu embættis Byggingarfulltrúa er að fylgja eftir ákvæðum um algilda hönnun og reglum um aðgengismál fatlaðra skv. mannvirkjalögum og byggingarreglugerð, auk laga um málefni fatlaðs fólks. Í reglugerðum eru þröngar heimildir til að víkja frá aðgengiskröfum og er heimildum fylgt í hvívetna.

Aðgerðir/Eftirfylgni

Ekki eru lagðar til neinar aðgerðir vegna stöðu þjónustubáttarins frá sjónarhóli kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar.